

# Lög

## um breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum.

---

### 1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða VII í lögnum, sbr. 1. gr. laga nr. 61/2009, bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Með sömu skilyrðum er slitastjórn fjármálafyrirtækis heimilt að greiða skuldir vegna launa, þ.m.t. laun í uppsagnarfresti, frá gildistöku laga þessara fram til 31. desember 2009.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 13. júlí 2009.*